

Fundur - 4. maí 2006

Ár 2006 kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum. Einnig sátu fundinn Rebekka Eiríksdóttir fulltrúi kennara, Dís Sverrisdóttir fulltrúi foreldra og Áslaug Guttormsdóttir skólastjóri. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar nefndarinnar 1. mars.
- 2) Umsóknir um stöðu skólastjóra Reykhólaskóla, en umsóknarfrestur rann út 1. maí. Þrjár umsóknir bárust en einn umsækjenda dró umsókn sína til baka. Umsækjendur eru:
 - a) Ásgeir Hannes Aðalsteinsson (f. 1968)
 - b) Hilmar Þór Hafsteinsson (f. 1954)

Nefndin samþykkti að mæla með Hilmar Þór Hafsteinssyni.

- 3) Lögð var fram umsókn frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur um fasta kennarastöðu við Reykhólaskóla haustið 2006.

Nefndin samþykkti að mæla með ráðningu Ástu Sjafnar.

- 4) Umsókn frá Rebekku Eiríksdóttur leiðbeinanda um kennslu í barnsburðarleyfi kennara. Samþykkt.
- 5) Lögð voru fram drög að verklagsreglum vegna samninga Reykhólahrepps við önnur sveitarfélög um skólavist fyrir nemendur í Reykhólaskóla. Enn fremur uppkast að stöðluðum samningi um skólavist nemenda í Reykhólaskóla sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi. Hvort tveggja byggist á samþykkt sem gerð var á síðasta fundi nefndarinnar.

Verklagsreglur og samningsform samþykkt lítilllega breytt.

- 6) Kynnt XXI vornámskeið greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í Reykjavík 11. og 12. maí 2006. Tveir foreldrar fara. Forstöðumaður Hólabæjar hvattur til að fara.
- 7) Sveitarstjóri kynnti gjaldskrá fyrir útleigu Reykhólaskóla sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar 9. febrúar sl.

Dísá véc nú af fundi.

Dísá Sverrisdóttir (sign)

Rædd voru nú málefni Hólabæjar.

- 8) Enn vantar menntaðan leikskólakennara á Hólabæ. Æskilegt væri að menntaður leikskólakennari myndist sem fyrst.
- 9) Greint var frá styrk frá foreldrafélagi Hólabæjar (kr. 34.458,-) til kaupa á sófa í Hólabæ.

Að lokum voru rædd málefni einstaklings.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Karl Kristjánsson (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Ágústa Bragadóttir (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)